



Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

29. ágúst 2014
Tilvísun: 2014030009

Efni: Tilmæli til eftirlitsskyldra aðila vegna sýndarfjár

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að hinn 4. júlí sl. gaf evrópska bankaeftirlitið (EBA) út skýrslu um viðbrögð við sýndarfé (e. EBA Opinion on „virtual currencies“)

Eitt af hlutverkum EBA er að fylgjast með nýjungum á fjármálamarkaði og gefa út leiðbeiningar eða tilmæli þar að lútandi. Þannig leitast EBA við að stuðla að öryggi og heilbrigði fjármálamarkaðar ásamt því að samhæfa viðbrögð á evrópska efnahagssvæðinu við nýjungum.

Í desember 2013 gaf EBA út viðvörðun vegna sýndarfjár og vakti Fjármálaeftirlitið athygli á þeirri viðvörðun á heimasíðu sinni. Jafnframt birti Fjármálaeftirlitið, ásamt fleiri stofnunum, aðvörðun til almennings um sýndarfé á heimasíðu sinni þann 19. mars sl.

Með sýndarfé er átt við stafræna útgáfu skiptimiðils sem hvorki er gefin út af seðlabanka né öðrum opinberum aðila og þarf ekki að vera tengd gengi gjaldmiðils en er viðtekin sem greiðsluáðferð í viðskiptum einstakling og fyrirtækja. Sýndarfé er unnt að færa, geyma og eiga viðskipti með rafrænt.

Í áliti EBA kemur fram mat stofnunarinnar á því hvort unnt eða æskilegt sé að fjalla um sýndarfé í lögum og reglum. Jafnframt er þar fjallað um helstu álitaefni tengd notkun sýndarfjár, farið er yfir kosti þess og galla ásamt því sem helstu áhættur samhliða notkun sýndarfjár eru raktar. Í því sambandi athugast að EBA þar kennsl á meira en 70 sjálfstæða áhættuþætti á ýmsum sviðum. Slíkar áhættur lúta m.a. að almennum notendum sýndarfjár, gagnsæi í fjármálakerfum og á mörkuðum ásamt áhættu fyrir það greiðslukerfi sem nú er almennt starfrækt.

Niðurstaða EBA er að áhættan sem fylgir viðskiptum með sýndarfé sé slík að ekki verði komist hjá því að taka á málefnum í lögum og reglum. Vinna þar að lútandi er hins vegar bæði umfangsmikil og tímafrek og hvetur EBA fjármálastofnanir því til þess að forðast viðskipti með sýndarfé uns unnt er að takmarka þær áhættur sem slíkum viðskiptum fylgja.

Að athuguðu máli tekur Fjármálaeftirlitið undir þær áhyggjur sem lýst er í skýrslu EBA og greint er frá hér á undan.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samkvæmt framanrituðu telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að eftirlitsskyldir aðilar forðist þær áhættur sem viðskiptum með sýndarfé fylgja. Því mælist Fjármálaeftirlitið til þess að eftirlitsskyldir aðilar stundi ekki viðskipti með sýndarfé, s.s. með kaupum, sölu eða vörslu þess, fyrr en því hefur verið fundinn staður í löggjöf.

Stundi einhverjir viðtakendur þessa bréfs nú þegar viðskipti með sýndarfé óskar Fjármálaeftirlitið eftir að vera upplýst um það.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Rúnar Guðmundsson



Valdimar Gunnar Hjartarson